

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald hjá Vatnsveitu Garðabæjar, nr. 1221/2018.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr. gjaldskrárinnar er varðar stofn til álagningar vatnsgjalds. Greinin verður svohljóðandi:

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,08% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

2. gr.

Breytingin á gjaldskránni var samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 1. desember 2022 samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, til að öðlast gildi við álagningu gjalda árið 2023.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 1. desember 2022.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfudagur: 16. desember 2022